

Reglugjörð

um eftirlit með loftskýttasendingum til og frá íslenskum loftskýttastöðvum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 82, 14. nóv. 1917, um rekstur loftskýttastöðva á Íslandi og 19. gr. reglugjörðar um rekstur loftskýttastöðvar á Íslandi, sem út hefir verið gefin í dag, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Meðan Norðurálfríðuriinn stendur, skulu allar loftskýttasendingar til og frá íslenskum loftskýttastöðvum háðar eftirliti landssímastjóra.

2. gr.

Ekki má afgreiða önnur loftskýtti en þau er ótvírætt bera með sjer, að þau hafi enga hernaðarlega þýðingu og sjeu meinlauss eðlis. Ekki má nota launmál í loftskýttaviðskiftum.

Ekki má senda veðurskýtti eða skýtti sem fela í sjer upplýsingar um farar- og komutíma skipa eða legu þeirra.

Nafnkveðja skýttanna skal vera greinileg og ekki má senda skipi skýtti fyr en vissa er fengin fyrir að móttakandi sje um borð í skipinu.

3. gr.

Öll loftskýtti til og frá íslenskum loftskýttastöðvum skulu bera áritun eftirlitsmanns um, að þau hafi verið athuguð.

4. gr.

Öll loftskýtti eru send á ábyrgð sendanda.

Heimilt er að stöðva hvaða skýtti sem er og er ekki skylt að gefa hlutaðeiganda upplýsingar um, hvort skýttið hafi verið afgreitt eða ekki.

5. gr.

33

17. maí

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 10,000 kr. eða alt að 6 mánaða fangelsi, ef afbrotið varðar ekki þyngri hegningu.

Með mál út af brotum gegn reglugjörðinni skal fara sem almenn lög-reglumál eða sakamál.

6. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

I stjórnarráði Íslands, 17. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Auglýsing.

34

24. maí

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, auglýsist hjer með að reglugjörð frá 22. apríl síðastl. um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins, gildir fyrst um sinn þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Í stjórnarráði Íslands, 24. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.